



Félag prófessora
við ríkisháskóla

Til nefndasviðs Alþingis,
Alþingi Íslendinga,
150 Reykjavík.

5. maí 2008

Umsögn Félags prófessora við ríkisháskóla um frumvarp til laga um opinbera háskóla.

Frumvarp til laga um opinbera háskóla byggir að töluverðu leyti á tillögum um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands, sem samþykktar voru í háskólaráði 12. október 2007. Margt í frumvarpinu horfir til bóta miðað við það sem nú er. *Félag prófessora vil þó benda á atriði sem ekki eru til árangurs fallin fyrir opinbera háskóla og ganga þau gegn grundvallarmarkmiðum um faglegar kröfur háskóla.*

Félag prófessora við ríkisháskóla gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. *Skipan háskólaráðs.* Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að einstök fræðasvið/skólar né deildir í háskóla eigi fulltrúa í háskólaráði. Með því veikjast mjög tengsl háskólaráðs við fræðasvið/skóla og deildir, sem þó annast kjarnastarfsemi háskóla. Röksemdir í greinargerð með 6. gr., sem vísa til þess að núverandi skipan háskólaráða opinberu háskólanna feli í sér hagsmunagæslu innan skólanna (3. liður) og að sú skipan sem lögð er til í frumvarpinu sé í samræmi við „löggjafarstefnu“ um 7 manna stjórnir stofnana (4. liður) virðast horfa framhjá því að háskólar eru sérhæfðar og margbrotnar þekkingarstofnanir. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að mikill hluti mála sem fyrir háskólaráði liggja varðar innri málefni og starfsemi háskóladeilda og annarra stjórneininga skólanna. Grundvallaratriði er að í háskólaráði sé til staðar víðtæk fagleg þekking á starfsemi viðkomandi háskóla. Því verður að gera þá kröfu að fræðasvið/skólar háskóla eigi sína fulltrúa í háskólaráði. Félag prófessora í ríkisháskólum fer fram á að í háskólaráði sitji a.m.k. einn fulltrúi af hverju megin fræðasviði/skóla háskóla.
2. *Val forseta fræðasviða/skóla.* 12. grein frumvarpsins gerir engar hæfniskröfur til forseta fræðasviðs/skóla, þvert á það sem segir í greinargerð með 12. gr. þar sem talað er um prófessorshæfi forsetans. Hér þarf 12. gr. að kveða skýrt á um prófessorshæfi forseta fræðasviðs/skóla.
3. *Skipunartími deildarforseta (deildarformanna) og forseta fræðasviða/skóla.* 12. gr. frumvarpsins gerir aðeins ráð fyrir að deildarforsetar séu skipaðir til tveggja ára. Þessi ráðingartími er of skammur. Tíma tekur fyrir deildarforseta að koma sér inn í hin ýmsu málefni deildar. Þá eru ýmsar deildir stórar og umsvifamiklar þó aðrar séu smærri. Þá veikir hinn skammi skipunartími frumvarpsins mjög möguleg áhrif deildarforseta. Gera verður kröfu til að


skipunartími deildarforseta sé lengdur og samræmdur lengd skipunartíma forseta fræðasviðs/skóla. Eðlilegt sýnist að skipunartími beggja sé 3 ár með möguleika á framlengingu um önnur 3 ár.

4. *Ákvæði um háskólafund.* Ákvæði 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins um að 2/3 hlutar fulltrúa þurfi að óska eftir háskólafund til að skylt sé að boða til hans, er allt of strangt og óraunhæft, ekki síst í stærsta ríkisháskólanum. Nær væri að miða hér við 1/3 hluta fulltrúa. Loks er ástæða til að heimila að fastanefndir um kennslu og rannsóknir í háskólum geti heyrt undir háskólafund og gert tillögur til fundarins um viðkomandi málaflokka. Rétt að auka vægi háskólafundanna þannig að skylt sé að meirihluti háskólafundar þurfi að vera samþykktur laga- og reglugerðarbreytingum sem háskólinn fer fram á að gerðar verði.
5. *Ráðningakröfur til háskólakennara.* Frumvarpið gerir ráð fyrir að opinberir háskólar sinni kennslu, rannsóknnum, þekkingarleit og sköpun. Háskólakennarar bera hita og þunga af þeirri starfsemi. Engu að síður gerir 1. mgr 16. gr. einungis kröfu um að kennarar og aðrir akademískir starfsmenn í háskóla hafi meistaramenntun eða „jafngilda þekkingu“. Hér er rétt að benda á að alþjóðleg hæfisviðmið háskóla gera þá kröfu að einstaklingar sem ráðnir eru til prófessorsstarfa hafi doktorsmenntun eða sambærilega þekkingu, enda sinni þeir bæði sjálfstæðum rannsóknnum (sbr. 3. mgr. 15. gr) og annist kennslu á æðstu menntunarstigum. Sama menntunarkrafa ætti almennt að gilda um fastráðna sérfræðinga í rannsóknnum (sbr. aftur 3. mgr. 15. gr). Hér dugar ekki að nefna í 16. greininni að háskólar geti gert frekari menntunarkröfur en sem svarar meistaranámi.
6. *Um ráðningarvald rektors.* Rektor er yfirmaður stjórnarsýslu hvers háskóla, eða eins og segir í 8. grein frumvarpsins: „Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana.“ Þetta er í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (nr. 70 frá 1997), um að starfsmenn sem ráðnir eru eða skipaðir heyri undir forstöðumann þeirrar stofnunar sem þeir starfa hjá. Hins vegar segir í 12 gr. frumvarpsins að forseti fræðasviðs/skóla ráði til hans starfslíð. Í greinargerð er sagt að ákvæði 12. gr. um ráðningarvald forseta fræðasviðs/skóla taki „m.a. til ráðningar akademískra starfsmanna.“ Hér er of langt seilst. Til þess að rektor sem yfirmaður háskóla geti sinnt ábyrgð sinni í starfsmannamálum er mikilvægt að hann ráði þá akademísku starfsmenn sem hafa ótímabundna ráðningu (að fengnum tillögum fræðasviðs/skóla og deildar). Rektor geti hins vegar falið lægri stjórnstigum (bæði fræðasviðum/skólum og deildum) ráðningu annarra starfsmanna.
7. *Um heiti stjórneininga og stjórnenda.* Löng hefði er fyrir því í íslenskum háskólum að skipa starseminni í deildir (department) sem jafnframt eru grunneiningar háskólanna. Háskóladeildirnar annast og bera ábyrgð á kjarnastarfsemi háskólans sem eru rannsóknir og kennsla á æðstu námsstigum. Fagleg ábyrgð deildanna er grundvallaratriði í stjórnarsýslu háskóla vegna mikilvægis þess að tillögur og ákvarðanir byggja á faglegri þekkingu, sem helst er að finna næst faglegum vettvangi. Í samræmi við það er einnig löng hefð fyrir því að forystumenn deilda kallist *deildarforsetar*, sbr. einnig stjórnarsýslutillögur Háskóla Íslands frá 12. október 2007, og er eindregið lagt til að það heiti verði notað í 12. gr. frumvarpsins. Í stjórnarsýslutillögum Háskólans kallast það stjórnarsýslulag sem kemur næst ofan við deild *fræðasvið*, sbr. *menntavísindasvið*, *félagsvísindasvið*, *hugvísindasvið*, *verkfræði- og raunvísindasvið* og *heilbrigðisvísindasvið*. Nokkur atriði mæla með

sviðshugtakinu. Í fyrsta lagi eru þetta þjónustusvið sem ætlað er að efla starfsemi háskóladeildanna. Í öðru lagi undirstrika sviðin einingu háskólans sem þau öll tilheyra. Orðið skóli er verra í þessu sambandi að því leyti að það gefur til kynna sjálfstæða stofnun sem er aðgreind eða aðskilin, sem stendur alls ekki til innan háskólanna. Í þriðja lagi er ruglingslegt í íslensku máli, sér í lagi gagnvart almenningi, að tala um skóla í skóla (háskóla) og á sér ekki hliðstæðu. Því er lagt til að texti í lið a í 4. grein frumvarpsins verði: „svið og deildir, sbr. IV kafla laga þessara.” Þá kveði IV kafla laganna á um svið, forseta sviða, sviðsstjórn (sem í samsettum orðum er þjálfa en sviðsráð), sviðsfundi og deildarforseta. Hér er einnig rétt að benda á mótsagnir í frumvarpinu, annars vegar síðustu mgr. 4. gr. sem heimilar háskóla að nota önnur heiti en skóla, og hins vegar næst síðustu mgr. 29. gr. sem segir að fyrir árslok 2008 þurfi opinberir háskólar að laga sig að ákvæðum 2. mgr. 4. gr. Hið síðarnefnda ætti að sjálfsögðu að falla burt, en 4. greininni ætti að breyta eins og áður sagði og er þá heimildarákvæði 4. gr. óþarft.

8. *Um rannsóknastofnanir háskóla.* Í þriðju mgr. 11. gr. frumvarpsins er sagt að við skóla sé heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir. Í c lið 4. gr. er einnig talað um háskólastofnanir sem heyri undir skóla. Rétt er að hafa í huga að sumar rannsóknastofnanir/-stofur háskóla starfa á afmörkuðu sviði sem takmarkast faglega af tiltekinni háskóladeild. Þá eru háskóladeildir misstórar og umfangsmiklar. Þetta tvennt leiðir til þess að mikilvægt er að deildum sé einnig heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir þegar þannig stendur á. Því orðist c liður 4. gr svo: „háskólastofnanir sem heyra undir fræðasvið [skóla] eða deild samkvæmt ákvörðun háskólaráðs.”
9. *Ákvæði um dómnefndir.* Í 16. gr. er fjallað um dómnefndir. Ekki er fjallað sérstaklega um meðferð dómnefndarálita og óljóst er um meðferð umsókna um framgang í starfi (úr lektor í dósent, eða dósent í prófessor, ellegar sérfræðings í fræðimann, eða fræðimanns í vísindamann). Um nýráðningar og framgang þurfa vera skýr ákvæði.

Stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla,



Mær Gíslason